

Fundargerð 841. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 24. júní kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir í símasambandi, Áslaug Friðriksdóttir í forföllum Halldórs Halldórssonar, Sigurður Björn Blöndal, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Gunnar Einarsson boðaði forföll en varamaður hans hafði ekki tök á því að sitja fundinn. Eiríkur Björn Björgvinsson boðaði einnig forföll, en ekki voru tök á því að boða varamann hans í tíma. Aldís Hafsteinsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar var staddur erlendis.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir að hluta, Sigurður Ármann Snævarr að hluta og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Í forföllum formanns stjórnaði varaformaður, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, fundinum.

Áður en gengið var til dagskrár bauð varaformaður Áslaugu Maríu Friðriksdóttur varamann velkomna, en hún sat nú stjórnarfund í fyrsta sinn. Þá var Sigurður Á. Snævarr, nýr sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, boðinn velkominn til starfa, en hann sat stjórnarfund í fyrsta sinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 839. og 840. fundar - 1511020SA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 839. fundar frá 27. maí 2016 og 840. fundar frá 2. júní 2016.

Fundargerðirnar staðfestar og undirritaðar.

2. Fundir Jónsmessunefndar 2016 - 1601005SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefndar frá 15. júní 2016.

Rætt var sérstaklega um stöðu viðræðna um rammamning við hjúkrunarheimili og fjárhæð daggjalda. Framkvæmdastjóri gat þess að stefnt sé að gerð rammamnings um hækkun daggjalda bráðlega.

Þá var rætt um hlutdeild sveitarfélaga í tekjum af ferðaþjónustu og greint frá starfi vinnuhóps stjórnarmanna, sem er að fjalla um það mál.

Heiða Björg Hilmisdóttir kom til fundar kl. 13:15.

3. Kjaramálanefnd sambandsins - 1605028SA

Lögð fram fundargerð 20. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 14. júní 2016. Sviðstjóri kjarasviðs gerði nánari grein fyrir fundargerðinni og skýrði frá stöðu kjaraviðræðna við félag grunnskólakennara og tónlistarkennara.

4. Siðanefnd sambandsins - 1604033SA

Lagðar fram fundargerðir 6. fundar frá 18. apríl 2016 og 7. fundar frá 9. júní 2016. Einnig lagðar fram til staðfestingar málsmeðferðarreglur siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem siðanefnd sambandsins samþykkti á fundi sínum þann 9. júní 2016, ásamt bréfum vegna 1. og 3. liðar fundargerðarinnar.

Samþykkt var að fresta afgreiðslu málsmeðferðarreglnanna þar til síðar.

5. Samræmdar reglur um hagsmunaskráningu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum - 1604261SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 20. júní 2016, um samræmdar reglur um hagsmunaskráningu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum, ásamt reglum Hafnarfjarðarkaupstaðar, Hveragerðisbæjar og Reykjavíkurborgar.

Samþykkt var að fresta frekari umræðu og afgreiðslu málsins þar til síðar.

6. Samkomulag um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs - 1601060SA

Lagt fram samkomulag, dags. 8. júní 2016, milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, ríkisstjórnar Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands, um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs.

7. Samkomulag um verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna húsnæðisstuðnings við leigjendur - 1605177SA

Lagt fram samkomulag, dags. 31. maí 2016, við ríkisstjórn Íslands um endurskoðaða verka- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna breytinga á fyrirkomulagi húsnæðisstuðnings við leigjendur og leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins um sérstakan húsnæðisstuðning og úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sveitarfélaga.

8. Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum - 1603001SA

Lögð fram til kynningar og umfjöllunar stefna og viðbragðsáætlun sambandsins vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni, dags. júní 2016.

Stjórn sambandsins gerði ekki athugasemdir við stefnuna og aðgerðar-áætlunina.

9. Starfshópur um stefnumótun í úrgangsmálum - 1511114SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 15. júní 2016, um athugasemdir um lokaskýrslu starfshóps sambandsins um stefnumótun í úrgangsmálum, ásamt umsögn Reykjavíkurborgar um lokaskýrsluna.

Stjórn sambandsins samþykkti framlagða stefnumótun í úrgangsmálum með þeim breytingum sem lagðar eru til í minnisblaðinu sem lagt var fram á fundinum.

10. Úttekt á kjörum og starfsumhverfi kjörinna fulltrúa og ástæðum mikillar endurnýjunar í þeirra röðum - 1605113SA

Tekin upp að nýju umræða um viðmiðunarlaunatöflu fyrir sveitarstjórnarmenn, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 27. maí 2016, en þá var umfjöllun um málið frestað til næsta stjórnarfundar.

Stjórn sambandsins samþykkti með vísun í tölulið 3.1.4 í stefnumörkun sambandsins 2014-2018 viðmiðunarlaunatöflu sveitarstjórnarmanna og fól framkvæmdastjóra að koma henni á framfæri við allar sveitarstjórnir.

11. Haustfundarferð stjórnar sambandsins 2016 - 1511020SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, dags. 14. júní 2016, með drögum að ferðaáætlun fyrir haustfund stjórnar sambandsins 2. og 3. september 2016.

12. Tilnefning í samráðshóp fyrir nýtt barnamenningarverkefni, List fyrir alla - 1605094SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. júní 2016, þar sem Sigfríður Björnsdóttir, deildarstjóri listfræðslu á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í samráðshóp fyrir nýtt barnamenningarverkefni, List fyrir alla.

13. Tilnefning í ofanflóðanefnd - 1605161SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 10. júní 2016, þar sem Halldór Halldórsson, formaður stjórnar sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í ofanflóðanefnd, og Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

14. Tilnefning í undirbúningshóp vegna sólarhringsmeðferðar í öndunarvél á heimili sjúklinga - 1606012SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 10. júní 2016, þar sem Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í undirbúningshóp vegna sólarhringsmeðferðar í öndunarvél á heimili sjúklinga.

15. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2017-2021 - 1605108SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 26. maí 2016, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2017-2021, 740. mál.

16. Niðurstöður ársreiknings 2015 - 1605116SA

Lagt fram til kynningar minnisblað hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 14. júní 2016, um niðurstöður ársreiknings 2015 A-hluti.

17. Fasteignamat 2017 - 1605092SA

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi Þjóðskrár Íslands til allra bæjarstjóra og sveitarstjóra, dags. 14. júní 2016, um fasteignamat 2017.

Fundi var slitið kl. 15:08.

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Gunnar Einarsson

Áslaug María Friðriksdóttir

Sigurður Björn Blöndal

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari